

AUGLÝSING

114

5. okt.

um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki.

Samkvæmt reglum frá 26. september 1935, um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki, skal frá 10. okt. þ. á. blanda allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, með 3% af íslenzku smjöri, svo og erlent smjörlíki, sem flutt kann að verða til landsins.

Jafnframt er auglýsing frá 14. sept. 1936, um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki, úr gildi felld.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. október 1937.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.

REGLUGERÐ

115

11. okt.

um breytingu á reglugerð nr. 7 11. janúar 1935, um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl.

1. gr.

Aftan við 1. gr. reglugerðarinnar komi svo hljóðandi ákvæði:

Allir, sem koma hingað til landsins frá útlöndum, hvort sem eru farþegar eða skipverjar, skulu á fyrstu höfn, sem skipið tekur hér á landi, gefa og afhenda tolleftirlitsmanni skýrslu um það, hversu mikinn erlenda gjaldeyri þeir hafi meðferðis eða flytji til landsins frá útlöndum, svo og skuldbinding um það, að afhenda hann einungis bönkum þeim, sem ræðir um í 1. mgr. þessarar greinar.

Tolleftirlitsmenn skulu síðan senda gjaldeyris- og innflutningsnefnd yfirlýsingar þessar, ásamt eftirriti af farþegalista og skipshafnarlista.

Fjármálaráðuneytið lætur gera og afhendir tolleftirlitsmönnum til útbýtingar eyðublöð undir skýrslu þá og skuldbinding, sem ræðir um í 2. mgr. þessarar gr.

Tolleftirlitsmenn samkvæmt reglugerð þessari eru tollstjórinn í Reykjavík, bæjarfógetar í kaupstöðum, sýslumenn í sýslum eða umboðsmenn þeirra, lög-reglustjórar í kaптúnunum og sérstakir tollgæzlumenn.

Fjármálaráðuneytið veitir, ef því þykir ástæða til eftir atvikum, undanþágu frá fyrirmælum 2. mgr. fyrir farþega á skemmtiferðaskipum.

2. gr.

Aftan við 2. gr. reglugerðarinnar komi:

En frjálsar skulu þær inneignir, sem myndast við sölu á erlendum gjaldeyri til bankanna.

3. gr.

3. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Það er bannað bæði að flytja eða ráðstafa til útlanda íslenzkum peningaseðlum, íslenzkri skiptimynt, ávísunum eða víxlum eða skuldabréfum eða öðrum skuldbindingum, sem hljóða um greiðslu í íslenzkri mynt eða eiga að greiðast í íslenzk-

- 115 um peningum, og að ráðstafa eða flytja til landsins frá útlöndum íslenskra peningaseðla, íslenskra skiptimynt eða skuldbindingar, sem hljóða um greiðslu í íslenskri mynt eða eiga að greiðast í íslenskum peningum.

Heimilt er þó farþegum, sem ferðast til útlanda, að hafa með sér allt að 350 kr. í íslenskum peningum til þess að greiða með fæði og þjónustugjald með skipi frá Íslandi til erlendra hafnar og farseðil, fæði og þjónustugjald frá erlendri höfn til Íslands, enda gefi farþegar skýrslu um það, áður en þeir fara til útlanda, hve mikla peninga þeir hafi meðferðis, og við komu sína aftur hingað til lands skýrslu um það, hvort þeim peningum, sem þeir höfðu meðferðis til útlanda, hafi öllum verið varið til greiðslu á fæði og þjónustugjaldi til og frá útlöndum og farseðli hingað til lands frá útlöndum. Nú hafa farþegar greitt fæði, þjónustugjald eða farseðil út hingað aftur áður en skipið leggur hédan úr höfn, eða þeir fá allt eða eitthvað af þessu ókeypis eða þeir ætla ekki út hingað aftur, og dregst þá andvirði þess eða tilsvareandi fjárhæð frá framangreindum 350 kr., og lækkar því sú fjárhæð, sem farþegar mega hafa með sér, að tiltölu við það eða fellur alveg niður.

Skýrslur þær, sem farþegum ber að gefa samkvæmt framansögðu, skulu þeir gefa og undirrita um leið og þeir taka farseðil, eða ef þeir ferðast ókeypis, þá áður en skip leggur úr höfn, en skipstjóra ber að safna þeim og afhenda þær, ásamt lista yfir alla farþega, sem fara til útlanda, tolleftirlitsmanni á síðustu höfn skipsins hér á landi og það svo tímanlega, að brottför skipsins þurfi ekki að tefjast vegna athugunar á skýrslum og listum. Skipstjóra ber, hvort sem um farþegaskip er að ræða eða ekki, að afhenda sama tolleftirlitsmanni lista yfir skipverja og yfirlýsingu sína og skipverja um það, að þeir flytji ekki íslenskan gjaldeyri til útlanda.

Skýrslur farþega, farþegalista, yfirlýsing skipverja og lista yfir þá ber toll- eftirlitsmanni síðan að senda gjaldeyris- og innflutningsnefnd.

Allir, sem hingað koma frá útlöndum, hvort sem eru farþegar eða skipverjar, skulu á fyrstu höfn, er skip tekur hér á landi, gefa og afhenda tolleftirlitsmanni yfirlýsing um það, að þeir hafi ekki meðferðis eða flytji til landsins íslenskra peninga eða annan íslenskan gjaldeyri. Yfirlýsingar þessar skulu tolleftirlitsmenn síðan senda gjaldeyris- og innflutningsnefnd ásamt skjölum þeim, sem ræðir um í 3. mgr. 1. gr. reglugerðar þessarar.

Tolleftirlitsmönnum ber að framkvæma eftirlit til þess að tryggja það, að íslenskur gjaldeyris sé ekki fluttur hédan til útlanda eða frá útlöndum hingað. Einnig ber póstafgreiðslumönnum að framkvæma eftirlit með bréfa- og böggla- sendingum til þess að fyrirbyggja það, að íslenskur gjaldeyris sé fluttur til eða frá útlöndum í pósti.

Fjármálaráðuneytið lætur gera og afhendir tolleftirlitsmönnum til útbýtingar eyðublöð undir skýrslur, yfirlýsingar, farþega- og skipverjalista, sem um ræðir í þessari grein.

4. gr.

Reglugerð nr. 20 7. marz 1935, um breyting á reglugerð um gjaldeyrisverzlun, innflutning o. fl. 11. jan. 1935, er úr gildi felld.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 11. október 1937.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.